

Pétur Davíðsson

From: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Sent: föstudagur, 19. apríl 2024 15:33
To: Pétur Davíðsson
Subject: FW: AND - Styrking jarðvegsstíflu
Attachments: Fundargerð aðila að Andakílsá 6. mars 2024 - loka.pdf

Áframsent

Með kveðju,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps

www.skorradalur.is - skipulag@skorradalur.is - símatími skipulagsfulltrúa er á þriðjudögum á milli kl. 10-12 - sími á skrifstofu sveitarfélagsins er: 431 1020

From: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Sent: mánudagur, 1. apríl 2024 22:18
To: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>; Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>
Cc: Sæmundur Víglundsson <bygg@skorradalur.is>; Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Iris.Lind.Saemundsdottir@orkuveitan.is>; Baldur Hauksson <Baldur.Hauksson@on.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæll Atli

Þannig er, Ykkur til upplýsinga að það er mikil ábyrgð hjá sveitarfélagi að veita framkvæmdaleyfi svo nálægt ýmsum merkjum, landamerkjum/ lóðamörkum án þess að það liggi greinilega fyrir lóðablað sem sýni afmörkun, hnitsett og samþykkt af öllum aðliggjandi landeigendum. Öll landamerki í ASK allflestira sveitarfélaga eru óstaðfest og með ákveðin vikið.

Samkvæmt fundi sem haldinn var þann 6 mars 2024 að Bæjarhálsi 1 Rvk var ákveðið að vinna í þessum merkjum og var það von mín að það samkomulag héldi og að aðilar kæmu sér saman um merki og lóðir og þá er ekkert því til fyrirstöðu að þinglýsa lóðamörkum. Þá ætti leiðin að vera greið.

Ég sendi hér með fundargerð fundarins frá 6 mars ef hún hefur á einhvern máta farið fram hjá þér.

Með von um gott samstarf
Kveðjur
Jón Einarsson
Oddviti Skorradalshrepps

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>
Sent: miðvikudagur, 27. mars 2024 10:41
To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>
Cc: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>; Sæmundur Víglundsson <bygg@skorradalur.is>; Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Iris.Lind.Saemundsdottir@orkuveitan.is>; Baldur Hauksson <Baldur.Hauksson@on.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl Sigurbjörg

Varðar: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir styrkingu jarðvegsstíflu.

Embættinu var sendur yfirlitsuppdráttur þann 26. jan sl. þar sem embættið óskaði eftir uppdætti sem sýnir afstöðu framkvæmdasvæðisins m.t.t. aðalskipulags.

Ég óska eftir rökstuðningi fyrir því að ON uppfæri jarðarmerki í gögnum sem eiga uppruna sinn hjá sveitarfélaginu sjálfu (aðalskipulagsuppdráttur).

Hér á ég við lagalegum rökstuðningi og þá eftir atvikum lagalegum tilvísunum og eða tilvísunum til dómafordæma, úrskurða eða viðlíka. Á landsvísu eru mýmörg dæmi um að landamerki séu ekki nánar skilgreind þó viðurkennt sé að lóðir séu til. Það eitt og sér ætti hins vegar ekki að koma í veg fyrir að leyfi verði veitt fyrir framkvæmdum"

Hvernig má það vera að þetta skipti máli fyrir afgreiðslu framkvæmdaleyfis í tengslum við þessa einföldu framkvæmd sem styrkingin á jarðvegsstíflunni er? Færa má rök fyrir því að sveitarfélagið sé komið út fyrir valdsvið sitt og farið að beita sér í atriðum sem heyra alls ekki undir starfssvið sveitarfélagsins.

Seinna atriðið sem þú vísar til er að þínu mati einnig háð samkomulagi landeigenda á svæðinu og samþykktu lóðablaði.

Þannig að ég lít svo á, og mér er endanlega ljóst, að sveitarfélagið sé að hindra framgang styrkingar jarðvegsstíflunnar á afar vafasömum forsendum.

Sveitarfélagið hefur frá því að umsókn um styrkingu jarðvegsstíflu var lögð inn fyrst haldið því fram að afstöðumyndanti vegna rangra landamerkja. Þú vísar í leiðbeiningar sem áður hafa komið fram og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Við höfum reynt að lagfæra það sem við höfum komið auga á. Minnisblaðið telur mörg atriði, til hvaða atriðis/atriða nákvæmlega ertu að vísa í minnisblaði og reglugerð?

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy

Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager
Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196
Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.on.is/fyrirvari-disclaimer>

From: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>

Sent: fimmtudagur, 14. mars 2024 11:22

To: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Cc: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>; Sæmundur Víglundsson <bygg@skorradalur.is>; Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Iris.Lind.Saemundsdottir@orkuveitan.is>

Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæll Atli Björn,

Embættinu var sendur hjálagður yfirlitsuppdráttur þann 26. jan sl. Ábending hefur komið frá landeiganda um að jarðamörkin á milli Efri-Hrepps og Syðstu Fossa sé ekki rétt á uppdættinum. Þið uppfærið yfirlitsuppdráttinn þegar búið er að undirrita og þinglýsa yfirlýsingu landeiganda um jarðamerkin og sendið mér aftur.

Nú vantar afstöðumyndina sem sýnir afmörkun lóðar On í landi Efri-Hrepps með fyrirhuguðum framkvæmdum. Bendi þér á að lesa leiðbeiningar okkar sem fram hafa komið áður og einnig reglugerð um framkvæmdaleyfi. Bendi á að afstöðumyndina er ekki hægt að leggja fram fyrr en samþykkt lóðablað liggur fyrir og undirritað og þinglýst af öllum hlutaðeigandi aðilum. Bendi á að sá sem útbýr lóðablað þarf að vera á lista merkjalýsanda hjá HMS. Hef bætt byggingarfulltrúa inn í spjallið þar sem lóðablað á að sendast á hann. Endilega vertu í sambandi ef eitthvað er enn óljóst.

Með kveðju,
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps

www.skorradalur.is - skipulag@skorradalur.is - símatími skipulagsfulltrúa er á þriðjudögum á milli kl. 10-12 - sími á skrifstofu sveitarfélagsins er: 431 1020

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>
Sent: 13. mars 2024 13:50
To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>; Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Irís.Lind.Sæmundsdóttir@orkuveitan.is>
Cc: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl Sigurbjörg,

Ég ætla að kanna hvort við getum orðið við þessu en til þess vantar mig frekari upplýsingar.

Er afstöðumynd sem sýnir framkvæmdasvæði m.t.t. landamerkja Efri-Hrepps til uppfærslu á styrkingu jarðvegsstíflu eða viðhaldsframkvæmdar (sú stóra)?

Kom fram á fundinum hvort uppfæra þurfi landamerki Efri-Hrepps frá því sem sem fram kemur á uppdrætti í umsóknargögnum sem liggja inni hjá ykkur nú þegar?

kv.
Atli

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy
Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager
Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196
Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is



From: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>
Sent: mánudagur, 11. mars 2024 14:22
To: Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Iris.Lind.Saemundsdottir@orkuveitan.is>
Cc: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>; Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl Íris,

Með vísan í fund sem ON átti með sveitarfélögunum og landeigendum í liðinni viku að þá vænti ég þess að við munum fá frá ykkur afstöðumynd sem sýnir framkvæmdasvæðið í landi Efri-Hrepps. Í því samhengi bendi ég á áður sent minnisblað, sjá lið nr. 5 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Ykkur er velkomið að vera í sambandi ef að eitthvað er óljóst.

Með kveðju,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps

www.skorradalur.is - skipulag@skorradalur.is - símatími skipulagsfulltrúa er á þriðjudögum á milli kl. 10-12 - sími á skrifstofu sveitarfélagsins er: 431 1020

From: Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Iris.Lind.Saemundsdottir@or.is>
Sent: miðvikudagur, 31. janúar 2024 16:05
To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>
Cc: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl Sigurbjörg

Með vísan í neðangreindan póst frá Atla Birni þá er ástæða til að ON komi með ábendingu m.t.t. leiðbeiningarskyldu sveitarfélagsins sbr stjórnarsýslulög og einnig vísa í málshraðareglu stjórnarsýslulaga. Það er afar mikilvægt að tafir sé ekki að verða á málinu vegna dráttar á svörum og leiðbeiningum frá sveitarfélaginu. Nú þegar hefur málið tafist um mánuð vegna mistaka sveitarfélagsins við upplýsingagjöf til ON um afstöðu skipulags- og byggingarnefndar fyrir jól auk þess sem ýmislegt annað hefur komið fram sem við teljum vekja upp spurningar. Það er alveg ljóst að á einhverjum tímapunkti þarf ON að íhuga sína stöðu og taka afstöðu til þess hvort þetta geti talist eðlilegt og bregðast við því með þeim úrræðum sem félaginu eru tæk.

bkv. ÍLS

Kær kveðja / Best Regards,

Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her)

Lögmaður / Legal Adviser

Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6177794 | Netfang / E-mail: Iris.Lind.Saemundsdottir@or.is

Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavik Energy | www.or.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer>

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>
Sent: þriðjudagur, 30. janúar 2024 13:25
To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>
Cc: Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Iris.Lind.Saemundsdottir@or.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl Sigurbjörg

Ég ítreka tölvupóst – hér að neðan - frá því á föstudag í síðustu viku.

Með kveðju
Atli

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy

Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager
Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196
Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.on.is/fyrirvari-disclaimer>

From: Atli Björn E Levy
Sent: föstudagur, 26. janúar 2024 13:56
To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>

Cc: Íris Lind Sæmundsdóttir (hún - she/her) <Iris.Lind.Saemundsdoottir@or.is>

Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl aftur

Nú er kominn fram uppdráttur sem sýnir framkvæmdasvæðið með aðalskipulagsuppdrátt undir, auk þess er afstaða Ramsar-svæðisins læsileg. Sjá viðhengt.

Myndi þessi uppdráttur til viðbótar e.t.v. tikka í þetta box varðandi að leyfisumsókn sé ekki skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi?

Eða viltu sjá framkvæmdinni fyrir komið í mælikvarða 1:2000? (Teiknarinn er svolítið í vindinum með þann punkt svo ég noti hans orðalag).

Varðandi sveitarfélagamörk

Við höfum ráðfært okkur við málsmetandi aðila og fengið þá ráðgjöf að rétt sé að miða við sveitarfélagamörk eins og þau eru birt á aðalskipulagi.

kv.

Atli

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy

Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager

Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196

Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.on.is/fyrirvari-disclaimer>

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Sent: fimmtudagur, 25. janúar 2024 14:31

To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>

Subject: Fwd: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl Sigurbjörg

Bestu þakkir fyrir svörin hingað til.

Heyrðu teiknarinn er að benda á að m.v. mælikvarðann sem þú gafst upp þarf þrjár teikningar. Hann stingur upp á annarri leið. Hvernig viljum við snúa okkur í þessu?

Kv.

Atli

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy

Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager

Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196

Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.on.is/fyrirvari-disclaimer>

From: Steinþór Traustason <stt@mannvit.is>

Sent: Thursday, January 25, 2024 11:35:55 AM

To: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Cc: Jón Örvar G Jónsson <Jon.Orvar.G.Jonsson@on.is>; Ársæll Aðalsteinsson <arsaella@mannvit.is>

Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sælir

Ég prófaði að setja upp teikninguna upp á A0 til að ná þessu inn á skala 1:2000. En það dugar bara ekki til. Þegar ég mæli á milli vegtengingana inn á framkvæmdasvæðið í suðri og yfir á aðkomuna í norðri, þá eru það rétt tæpir 2 km, sem að segir okkur að blaðið þarf þá að vera 1m á hæð til að uppfylla þessa kröfu um að sýna framkvæmdasvæðið í mkv. 1:2000.

Hinn kosturinn að sýna skipta teikningunni upp, þá þarf að setja þetta upp á 3 teikningar til að ná öllum aðkomuvegum og skiltum inn í þetta. Fyrir mitt leiti þá eru þægindin við afstöðumynd, að sjá framkvæmdina í heild sinni farinn út í veður og vind ef að þarf að fletta á milli þriggja teikninga.

Kveðja / Regards,

Steinþór Traustason

Landfræðingur

Sími / Tel.: +354 422 3335

GSM / Mobile: +354 842 3335



MANNVIT
a COWI company

www.mannvit.is / www.mannvit.com

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Sent: fimmtudagur, 25. janúar 2024 08:43

To: Steinþór Traustason <stt@mannvit.is>

Cc: Jón Örvar G Jónsson <Jon.Orvar.G.Jonsson@on.is>; Ársæll Aðalsteinsson <arsaella@mannvit.is>

Subject: Fs: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæll Steinnþór

Sjá áframsent svar frá sveitarfélaginu.

Ég vona að þetta sé skýrt.

kv.

Atli

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy

Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager

Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196

Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.on.is/fyrirvari-disclaimer>

Frá: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>

Sent: miðvikudagur, 24. janúar 2024 18:53

Til: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Efni: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæll Atli Björn,

Takk fyrir að hafa samband. Ég reikna með að þú sért að ræða um fyrri framkvæmdaleyfisumsóknina sem send var inn sl. sumar. Ég vísa í lið 4d í minnisblaði skipulagsfulltrúa, sjá eftirfarandi slóð: https://skorradalur.is/wp-content/plugins/nv_onemeeting/displaydocument.php?itemid=2elgAKKgD0G_SRyatf9rDg&meetingid=XXDA6NX_tkqm2eBDmYp4UQ1

Afstöðumynd (fyrri punktur þinn)

Afstöðumynd þarf að vera í mkv. 1:200-1:500, eftir því hvað hentar best. Mikilvægt er að sýna hæðalínur á afstöðumynd. Aðalskipulag á ekki að vera undir, en gott væri að hafa loftmynd undir teikningu. Á afstöðumynd á að gera grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, landmótun, vegtengingum og öðru því sem skilmálar deiliskipulags kveða á um og önnur gögn sem við eiga. Á afstöðumynd á að sýna afmörkun lóða og rétt sveitarfélagamörk.

Yfirlitsmynd (seinni punktur þinn)

Aðalskipulag Skorradalshrepps er í mkv. 1:25.000 og það er gott að halda sig við þann mkv. sem aðalskipulagi er unnið í. Sendi með mynd sem ég tók af aðalskipulagsupprættinum og þar sem ég held á a4 blaði, þannig sérð þú að framkvæmdasvæðið og Ramsarsvæðið rúmast vel á A4 blaði. Ramsarsvæðið er ekki á aðalskipulaginu þar sem aðalskipulagið var samþykkt á undan friðlýsingu Ramsarsvæðisins. Þið þurfið því að setja Ramsarsvæðið inn á aðalskipulagið ásamt framkvæmdasvæðinu.

Endilega vertu í sambandi ef að einhverjar spurningar vakna.

Með kveðju,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps

www.skorradalur.is - skipulag@skorradalur.is - símatími skipulagsfulltrúa er á þriðjudögum á milli kl. 10-12 - sími á skrifstofu sveitarfélagsins er: 431 1020

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Sent: þriðjudagur, 23. janúar 2024 18:18

To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>

Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Hæ aftur

Til að vera alveg viss, minn skilningur er að On geri tvær teikningar/upprætti til uppfærslu á fyrri umsókninni (dags. júlí '23).

- Uppdráttur í mælikvarða þar sem framkvæmdasvæðið er sýnt með aðalskipulagið undir (t.d. uppfæra teikningu AND-90-C-0-050002)
- Uppdráttur í mælikvarða 1:50.000 eða hentugum skala þar sem afstaða RAMSAR svæðisins er sýnd gagnvart framkvæmdasvæðinu við inntakslónið (uppráttur í mælikvarða sambærilegum og AND-90-C-0-050002 nær ekki að sýna svona stórt svæði).

Er þetta réttur skilningur á þeim uppráttum sem þarf að uppfæra/gera?

kv.

Atli

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy

Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager

Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196

Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is

Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.on.is/fyrirvari-disclaimer>

From: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>

Sent: mánudagur, 15. janúar 2024 13:55

To: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæll Atli,

Sveitarfélagið vill einnig sjá framkvæmdina ofan á landnotkun aðalskipulags og sjá afstöðu gagnvart RAMSAR svæðinu. Yfirlitsmynd AND-90-C-0-050002 væri mjög góð og upplýsandi um framkvæmdina innan Skorradalshrepps, ef á henni væru upplýsingar um sveitarfélagamörk Borgarbyggðar og Skorradalshrepps og rétt afmörkun landeigna. Á yfirlitsmyndinni er sýnd ein stór landeign, sjá gula brotalínu, sem spannar yfir bæði sveitarfélögin. Þannig er það ekki og getur ekki verið þannig. Vona að þetta svari fyrirspurn þinni, en endilega vertu í sambandi ef að eitthvað er enn óskýrt.

Með kveðju,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps

www.skorradalur.is - skipulag@skorradalur.is - símatími skipulagsfulltrúa er á þriðjudögum á milli kl. 10-12 - sími á skrifstofu sveitarfélagsins er: 431 1020

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>

Sent: mánudagur, 15. janúar 2024 13:00

To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>

Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl

Já, þetta varðar umsóknina um styrkinguna en í svari þínu (minnisblaði) kemur fram að umsókn sé ekki í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi. Í minnisblaði þínu dags. 27. nóv. 2023 og barst okkur á nýju ári, er nefnt að yfirlitsmynd í mælikvarðanum 1:10.000-1:2000 skuli fylgja umsókn.

d. Afmörkun framkvæmdasvæðis og afstaða gagnvart RAMSAR svæði.
Samkvæmt 1. lið 7.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi skal fylgja umsókn afstöðumynd í mælikvarðanum 1:2000-1:500. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ef ekki liggur fyrir deiliskipulag og sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags þarf einnig fylgja með yfirlitsmynd í mælikvarðanum 1:10.000-1:2000 eða úrdráttur úr aðalskipulagi. Með framkvæmdaleyfisumsókn fylgdi afstöðumynd í mælikvarðanum 1:3.500. ON sendi inn uppfærslu á afstöðumynd þann 15.9.2023. Ný afstöðumynd var ekki í mælikvarða og ekki með hæðalínunum. Á afstöðumynd þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, landmótun, vegtengingum og öðru sem skilmálar deiliskipulags kveða á um og önnur gögn sem við eiga. Það er mat sveitarfélagsins að á afstöðumynd eigi að koma fram afmörkun lóða og rétt sveitarfélagamörk, sbr. hér áður. Engin yfirlitsmynd fylgdi framkvæmdaleyfisumsókn í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, þ.e. sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis. Í þessu samhengi óskar sveitarfélagið eftir að framkvæmdin sé sýnd á úrdrætti úr sveitarfélagsupprætti aðalskipulags þannig að það sé ljóst að framkvæmdasvæðið samræmist aðalskipulagi og afstaða sýnd gagnvart náttúruverndarsvæði eins og RAMSAR svæðis neðan virkjunar.

Í teikningapakka með umsókn fylgir fjöldi teikninga og teikning með númer AND-90-C-0-050002 er í skala 1:3.500 og ætti að uppfylla skilyrði í reglugerð. Afstaða framkvæmda er svo sýnd á teikningu í skala 1:30.000.

Spurningin er, eru ofangreind gögn fullnægjandi ?

kv.
Atli

p.s. meðfylgjandi er minnisblað sem sýnir aðkomu með efni (sem er ekki ætlað að leysa af hólmi ofangreinda upprætti).

Kær kveðja / Best Regards,

Atli Björn E Levy

Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna / EPC Project Manager
Sími / Tel: +354 591 2700 · Farsími / Mobile: +354 8626196
Netfang / E-mail: Atli.Bjorn.E.Levy@on.is

Viltu hraðhleðslustöð við þitt fyrirtæki?
Ef þú átt plássíð erum við með lausnina

Sækja um



on Orka náttúrunnar
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Netfang / Email: on@on.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.on.is/fyrirvari-disclaimer>

From: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>
Sent: mánudagur, 15. janúar 2024 10:59
To: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæll,
Ég er ekki að skilja spurningu þína, getur þú verið nákvæmari í hvar ég vísa í minnisblað þitt, sjá rautt í póstinum þínum hér fyrir neðan, enda veit ég ekki hvora framkvæmdaleyfisumsóknina þú ert að vísa í.
Kv. Sigurbjörg

From: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Sent: mánudagur, 15. janúar 2024 10:47
To: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>
Subject: RE: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæll Atli,
Ertu að spyrja um framkvæmdaleyfisumsóknina sem þið senduð inn síðastliðið sumar?
Kv. Sigurbjörg

From: Atli Björn E Levy <atli.bjorn.e.levy@on.is>
Sent: mánudagur, 15. janúar 2024 09:42
To: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir <skipulag@skorradalur.is>
Subject: AND - Styrking jarðvegsstíflu

Sæl

Eins og ég kom inn á þá er lögmaður að yfirfara þá þætti sem óskað var eftir að láta laga.

En frá mér, óháð hennar vinnu, kemur hér ósk um afstöðu þína varðandi umsóknina um styrkingu jarðvegsstíflu og athugasemd þína um að uppdrátt vanti.

Þ.e.a.s. varðandi þann punkt að uppdrátt vantar í teikningaskala skv. reglugerð **og þú vísaðir til minnisblaðs míns** um aðkomu með efni.

- Má líta svo á að minnisblaðið kemur ekki í stað uppdráttarins? Þannig að það er þá fyrst og fremst ítarefni en kemur ekki í staðinn fyrir uppdrátt í gögnum umsóknarinnar?

kv.
Atli